

10. marzmán. þ. á., og krafizt: fyrst og fremst, að undirrjettardómurinn verði dæmdur ómerkur án heimvísunar, og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður bæði fyrir yfir- og undirdómi; því næst hefur hann krafizt, að því efni málsins snertir, fyrst og fremst, að þeir málsaðilar verði sýknaðir hvor fyrir annars kærur og kröfum í aðal- og gagnsökinni, en að meiðyrði þau, er þeir hafi haft hvor um annan, verði dæmd dauð og ómerk, en til vara, að í gagnsökinni verði hinar meiðandi aðdróttanir og hin saknæmu meiðyrði aðaláfrýjandans um gagnáfrýjandann, er hann hafi tekið fram, dæmd dauð og ómerk, og aðaláfrýjandi sektaður eptir ákvæðum laganna fyrir að hafa við haft þau, og: að gagnáfrýjandinn verði í aðalsökinni dæmdur í hina vægustu sekt, er lögin leyfa, fyrir ummæli sín við aðaláfrýjandann. Svo krefst hann, hvernig sem fer, að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður hjá aðaláfrýjanda bæði fyrir undir- og yfir-dómi. Aðaláfrýjandi hefur á hinn bóginn, að því gagnsóknarmálið snertir, krafizt, fyrst og fremst: að gagnstefnu gagnáfrýjanda verði vísað frá yfirdóminum, og gagnáfrýjandi, ritstjóri Jón Ólafsson, dæmdur til að greiða allan þann kostnað, sem af málinu leiðir, með einhverju nægilegu eptir rjettarins mati, en til vara: að aðaláfrýjandi verði dæmdur sýkn af öllum kærur og kröfum gagnáfrýjanda, og að málflyttingsmaður gagnáfrýjanda, cand. juris Guðlaugur Guðmundsson, verði dæmdur í sekt fyrir ósæmilegan rithátt, og orð þau, er hann (aðaláfrýjandi) hafi talið ósæmileg, dæmd dauð og ómerk.

Ástæða gagnáfrýjanda fyrir kröfu sinni um ómerkning undirdómsins er sú, að undirdómarinn hafi haft

mág sinn sem rjettarvott við þinghöld í málinu. Á þessa ómerkingarkröfu getur yfirdómurinn ekki fallið þegar fyrir þá sök, að ekkert er undir rekstri málsins fundið að gjörðum undirdómarans, svo að ekki kemur til mála, að rjettarvottarnir þurfi um neitt það að bera, sem af dómarans hendi hefur fram farið undir málinu í rjettarfarslegu tilliti, og kemur þá alls ekkert undir því, þótt annar rjettarvotturinn væri venzlamaður dómarans. Þessi krafa gagnáfrýjanda verður því ekki tekin til greina.

Kemur því til álita efni aðalmálsins. Ummæli þau, sem aðaláfrýjandinn telur meiðandi fyrir sig, eru prentuð í blaðinu Skuld, 164. tölubl. bls. 1., og er grein sú, sem þau felast í, rituð af Jóni Ólafssyni, ritstjóra blaðsins. Meiðyrði þau, sem aðaláfrýjandi hefur átalið, eru einkum þessi: „að Tryggví Gunnarsson, sem Nellemann var nýbúinn að dubba til riddara, hafi komið fram sem varnarmaður danskra hagsmuna gagnvart hagsmunum ættjarðarinnar“, að hann „ljúgi“, „rangfæri mót betri vitund“ „leggi niður öll drengileg vopn“ (í viðureign sinni við Jón Ólafsson), „að í honum hafi komið fram (við sig) almenn spillvirkja og stigamanna náttúra“ „að hann spinni upp ósannindi, er enginn minnsti flugufótur er fyrir“, „Tr. Gunnarsson setur á brjóst mjer eiturskeyti rógs og lygadylgju og segir: málfrelsi þitt eða mannorðið“ o. fl. Orð þessi eru mjög meiðandi, og yfir höfuð að tala er öll nefnd grein freklega meiðandi og óvirðandi. Samkvæmt 218. gr. hegningarlaganna, samanborinni við 217. gr. sömu laga, og öllum málavöxtum, þykir því yfirdóminum ekki ástæða til að færa niður sekt þá, sem gagnáfrýjanda er gjörð

af undirdómaranum, 250 kr. til landssjóðs, er einfalt fangelsi í 75 daga komi fyrir, sje sektinni ekki lok-
ið í ákveðinn tíma. Svo eru og hin átöldu meið-
yrði rjettdæmd dauð og marklaus. Ekki virðist yfirdóm-
inum með öllu næg ástæða til að sekta gagnáfrýjanda
fyrir ósæmilegan rithátt fyrir undirdómi.

Að því nú til gagnsóknarmálsins kemur, þá hefur
aðaláfrýjandi fyrst og fremst krafizt, að því verði
vísað frá dómi, af því að það sje ekki til tekið, hver
orð þau sjeu, sem gagnáfrýjandi telur meiðandi fyrir
sig, og sem eru prentuð í blaðinu Fróða, 8. sept.
1882, bls. 83, og í Skuld, 6. desbr. 1882, 168. tölubl.
En yfirdómurinn fær ekki betur sjeð, en að fyllilega
megi sjá, við hver orð gagnáfrýjandinn eigi, af máls-
færslu hans bæði fyrir undir- og yfirdómi, og virðist
það eins og ástatt er, engu skipta, þótt ekki hafi
verið framlagt fyrir yfirdóminum einmitt hið sama
tölubl. Fróða, sem gagnáfrýjandi lagði fram fyrir und-
irdómi, og í hverju hann með bláum strykum hafði
auðkennt orð þau, er hann átalði. Verður því frá-
vísunarkrafa aðalsækjanda ekki tekin til greina. —
Kemur þá aðalefni gagnsóknarmálsins til álita.

Ummæli þau, sem gagnáfrýjandi hefur átalíð sem
meiðandi fyrir sig, eru í grein einni í blaðinu Fróða
8. septbr. 1882 með fyrirsögn: „heimilisfesta og
sannleiksást“, og í brjefi frá aðaláfrýjanda til gagn-
áfrýjanda, sem prentað er í Skuld 6. desbr. 1882,
168. tölubl., og eru orð þau og aðdróttanir, sem gagn-
áfrýjandi einkum telur meiðandi fyrir sig, „að hann
ljúgi til bústaða sinna eptir því sem eigin hagsmunir
hans horfi við“ ; „hefði einhver annar komið svona fram,
þá er ekki svo ólíklegt, að sagt hefði verið, að sá

karl hefði heldur en ekki lipra fingur við loku landssjóðsins“; að hann (Jón Ólafsson) gangi „strípaður“ og „nakinn“ „á almannafæri“; „ekki vantaði olíuna á hjólin“; „hvort mjer (Tryggva) ekki tekst að segja, án þess það varði við lög, smápistla af lífi þínu“; „götustrákur“ og „óvandaður orðhákur“ o. fl. — Þótt nú gagnáfrýjandi að vísu að nokkru leyti slíti setningar þær, sem hann hefur á talið, úr rjettu samhengi, sumpart rangfæri þær og leggi aðra þýðingu í þær, en rjett er, og þótt sum af hinum greindu orðum sjeu eptir sambandinu alls ekki meiðandi, þá er þó hin nefnda grein aðaláfrýjanda í Fróða, einkum þegar fyrirsögn hennar er borin saman við allan andann í henni og blæinn á henni og við einstakar setningar í henni, svo sem síðast í fyrsta kafla greinarinnar, „lipra fingur við loku landssjóðs“ o. fl., óvirðandi og móðgandi fyrir gagnáfrýjanda, og svo er og um ýms ummæli í brjefi aðaláfrýjanda í Skuld, svo sem þar sem hann segir: „Þú hefur aptur marga galla, sem gjörir þig að hættulegum manni“, og verður því ekki komizt hjá að dæma aðaláfrýjanda samkvæmt 219. gr. hegningarlaganna til að greiða sekt til landssjóðs, er þykir hæfilega ákveðin 50 kr., eða til einfalds fangelsis í 15 daga, verði sektin eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo ber og samkvæmt 220. gr. hegningarlaganna að dæma ummæli þau, sem aðaláfrýjandinn hefur við haft um gagnáfrýjanda og sem meiðandi eru talin af yfirdóminum, dauð og ómerk.

Ekki virðist yfirdóminum alveg næg ástæða til að sekta málfutningsmann gagnáfrýjanda við yfirdóminn fyrir ósæmilegan rithátt.

Málskostnaður fyrir báðum rjettum virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Aðaláfrýjandi, alþingismaður Tryggvi Gunnarsson, á að greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða sæta einföldu fangelsi í 15 daga, sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma.

Gagnáfrýjandi, alþm. og ritstjóri Jón Ólafsson, á að greiða í sekt til landssjóðs 250 kr., eða sæta einföldu fangelsi í 75 daga, sje sektin eigi greidd í ákveðinn tíma.

Ummæli þau, sem aðaláfrýjandi hefur við haft um gagnáfrýjanda, og sem álitin eru meiðandi eða móðgandi, eiga að vera dauð og ómerk. Meiðyrði þau, sem gagnáfrýjandi hefur við haft um aðaláfrýjanda, og átalín hafa verið og nefnd að framan, skulu einnig dauð og ómerk.

Málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirting hans undir aðför að lögum.